



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rauðhóll

Starfsáætlun 2024 – 2025



Vinátta – virðing – vellíðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.





Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	4
2	Greinargerð verkefnastjóra	4
3	Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024.....	6
3.1.1	Stofnun ársins 2023 - Vinnustaðir með 50 starfsmenn eða fleiri	9
4	Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025.....	10
5	Innra mat deilda 2023-2024	14
6	Innra mat sérkennslu.....	18
5	Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn	21
6	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	24
7	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	27
8	Foreldrasamvinna.....	28
8.1	Foreldrafélag skólaárið 2023 – 2024.....	28
8.2	Foreldraráð skólaárið 2023-2024.....	28
9	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	30
10	Fylgiskjöl	30
10.2	Umsögn foreldraráðs.....	31





1 Greinargerð leikskólastjóra

Í vetur fengum við kjarkinn og styrkinn til baka og hófum haustið á ráðstefnu um einingakubba, sem er okkar aðal efniviður. Á Covid tímum höfðum við unnið þróunarverkefni um kubbastarfið og vorum með niðurstöður frá þeirri vinnu og sögur úr starfinu okkar. Það var mikil lyftistöng fyrir fagstarfið og kennarana okkar að hefja haustið með pompi og prakt. Við fundum að styrkurinn okkar í starfi og samvinna var að koma aftur til baka. Við höfum unnið að nýrri skólanámskrá og erum búin með kafla um regnbogaskólann Rauðhól og erum að ljúka vinnu við læsis og agastefnu sem við áætluðum að komi út á haustdögum. Þetta er vinna teyma í skólanum sem við finnum að gefur starfinu mikið. Í desember fengum við höfðinglega gjöf frá Krónunni sem var glæsilegt gróðurhús og fundum við strax að styrkti útsvæði Ævintýranna mikið. Lóðin var gerð í hruninu og ber þess merki að lítill metnaður var að gera spennandi leikskólalóð fyrir börnin.

Starfsmannahaldið gekk vel í vetur og fundum við að það var minna um veikindi og styrkurinn að koma eftir heimsfaraldur. Þegar vorið fór að nálgast þá fundum við að fólk var farið að sækja um aðra vinnu. Sá stöðugleiki sem hefur verið síðustu ár yrði ekki þetta sumarið. Sú sorglega staða varð að fjórir leikskólakennara nemar hættu í leikskólakennarafræðum og færðu sig yfir í grunnskólakennarafræði og skiptu um starfsvettvang. Meistaraneimarnir okkar sem voru að útskrifast voru einnig farnir að horfa á grunnskóla sem sinn vettvang. Við náðum, eftir samtal, að tveir af þeim fóru sem stjórnendur í aðra skóla því innan leikskólans er hægt að byggja feril sem stjórnandi frekar hratt. Það gerir leikskólavettvanginn spennandi fyrir þá sem hafa áhuga á því. Ég get ekki falið það að unggur læddist að mér og sorg því það er engu líkara en að leikskólavettvangurinn sé að molna innan frá. Þetta er grafalvarleg staða sem við sem samfélag verðum að bregðast við ef við viljum það besta fyrir börnin okkar. Börn eins til sex ára eru mjög viðkvæm og þurfa stöðugleika í lífi sínu og fá tækifæri til að tengjast kennurunum sínum. Ef við segjum að börnin eru það dýrmætasta sem við eigum þá verðum við að taka höndum saman og lyfta starfi leikskólans á hærra plan. Við vorum svo heppin að fá í staðinn fyrir þá sem fóru, mjög hæfileikaríkt fólk og þar á meðal voru nemandur sem höfðu verið hjá okkur síðast liðinn vetur.

Rauðhóll hefur unnið mikið með Menntavísindasviði í vetur og farið með marga fyrirlestra á mismunandi námskeið og lyft grettistaki að tengja saman fræði og starf. Það hefur styrkt okkur





og gert okkur sterkari. Þessi markaðsetning er að einnig að hjálpa okkur að ná hæfileika ríku fólki í hópinn okkar.


Vorverkin í Rauðhól eru alltaf svolítið flókin þar sem elstu börn af Litum eru flytjast milli húsa yfir á Ævintýri. Þróunarverkefnið “Fyrir í frístund” sem við tókum þátt í var skipulagt mjög seint og innritun var einnig mjög sein. Þannig að vorið var algjörlega ævintýralegt og þungt að koma þessu öllu við. En verkefnið gekk vel og börnin voru að græða á þessu og við náðum að flytja alla á milli deilda og húsa og byrja að aðlaga ný börn. Ég vona að ef þetta verði gert aftur verði allt skipulagt miklu fyrr og það sé hægt að vanda vinnubrögð meira.

Mikil gleði var í desember þegar við náðum að koma eldhúsi ævintýra í gagnið eftir tveggja ára undirbúning og framkvæmdir á þessu verki. Börn og starfsmenn eiga miklar þakkir fyrir aðlögunarhæfni þar sem aðstæður í leikskólanum, meðan á þessu stóð, voru starfseminni ekki bjóðandi.

2 Greinargerð verkefnastjóra

Faglegar áherslur vetrarins 2023-2024

- Líðan, gleði og flæði (markmið deilda í vetur)
- Fjöltyngi (vinna verkefnastjóra fjöltyngis)
- Samstarf við Norðlingaskóla
- Hæglátt leikskólastarf (þróunarverkefni)
- Farsæld barna (þróunarverkefni)
- Endurskoðun skólanámskrár Rauðhóls
- Forystusýn (skólanámskrá Rauðhóls)
- Ræktun í Bambahúsi (Menntastefnustyrkur A)





Breytingar urðu á stöðugildum í leiðsagnarkennslunni. Kristín Þóra Helgadóttir fór í stöðu deildarstjóra og fór Dagbjört Svava Jónsdóttir í stöðu Kristínar Þóru í leiðsagnarkennslunni. Leiðsagnarkennslan hefði mátt vera markvissari í vetur.

Leikskólinn Rauðhóll tekur þátt í þróunarverkefni um hæglátt leikskólastarf *Stilla*. Verkefnið hefur haft jákvæð áhrif á okkar starf og hvernig við skoðum okkar starfshætti. Á Litum höfum við einbeitt okkur að fataherberginu og umhverfi þess. Byrjuðum á að breyta og nefna fataklefann fataherbergi. Umhverfinu var síðan veitt athygli í víðum skilningi varðandi hávaða, hreinlæti, fegurð o.s.frv. Við fækkuðum börnum í fataherberginu og breyttum markmiðinu að þau séu að klæða sig og læra sjálfshjálp en ekki endilega bara í stuttu stoppi á leiðinni í útiveru. Þetta hefur haft þau áhrif á meðan hluti barnahópsins er úti þá hefur myndast frábær leikur og rými fyrir börnin sem eru inni. Þannig skapast góðar stundir og áreiti minnkar bæði hjá börnum og kennurum yfir daginn. Þessi breyting hafði einnig meiri áhrif en við ákváðum í byrjun árs að breyta fyrirkomulagi í hádegismat á Litum. Við höfum haft flæðandi morgunmat og kaffitíma fram að þessu. Það er að börnin borði ekki öll í einu heldur bara c.a. sex til sjö og síðan skiptast þau bara á. Þetta tókum við upp í hádegismatnum líka, þá er hver deild með eitt borð í hádeginu og börnin flæða í og úr mat eftir hvað passar hverju þeirra. Þetta gefur okkur tækifæri á rólegri stund á deildinni á meðan hádegismatur og bleiuskipti/salernirsferðir eru. Enn einn kosturinn er að starfsfólkið fær næði og borðar saman með því að skiptast á að borða inni á kaffistofu kennara. Við höldum áfram í þessu verkefni næstu tvö árin og erum spennt að sjá hvernig þetta þróast hjá okkur. Þetta hefur reynst mjög vel og voru breytingarnar merkilega áreynslulitlar. Starfshópnum líkar þetta vel og finnur fyrir jákvæðum áhrifum á börnin við það að hægja á ferlinu á matmálstímum þar sem börnin fá betra tækifæri til þess að spjalla við hvort annað og þann tíma sem þau þurfa í hádegismatnum. Við sjáum fram á að hafa þetta svona áfram. Þetta rímar svo auðvitað ennþá betur við fyrirkomulag matstofunnar á Ævintýrum.

Það voru fjarfundir og leshópar hjá öllum í Stillu verkefninu í vetur. Það var á sex vikna fresti og var mjög lærdómsríkt og mikilvægt. Í byrjun maí fór hæglætisteymið og stjórnendur á tveggja daga vinnusmiðju í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Þar hittust fulltrúar allra skólanna og háskólakennararnir sem stýra þessu. Þetta var fólk vítt og breitt af landinu ásamt Kari Carlsen frá Noregi og Alison Clark frá Orkneyjum. Þetta voru dýrmætir dagar í samvinnu milli leikskólanna og háskóla rannsakenda sem vinna þetta með okkur. Við lærðum mikið og vorum stolt að segja frá því sem við höfum verið að gera á Rauðhól.

Kennarar Rauðhóls héldu glæsilega ráðstefnu í september með áherslu á einingakubba þar sem m.a. var farið yfir niðurstöður rannsóknarinnar „Leikur að læsi í gegnum einingakubba“. Í mati sem starfsfólk fyllti út eftir ráðstefnu kom m.a. fram að kubbararnir eru frábær leið til að efla málþroska og





málnotkun. Þeir gefa kennurum tækifæri til að ná til hvers barns í samræmi við þarfir þess og getu. Einnig hversu vel fjöltyngdum börnum gengur að tjá sig í gegnum einingakubbana. Að þeir séu góður efniviður til að efla sköpun, leik, samskipti, vináttubönd, hugmyndaflæði og tungumála kunnáttu. Að auki var komið inn á mikilvægi hlutverki kennarans að vera til staðar á kubbasvæðum og hlusta eftir áhuga barnanna. Kubbarnar ná yfir flest námsviðin og hægt er að vinna með þá á svo marga vegu. **Sjá dagskrá á fylgiskjali**. Regnbogaplakat Rauðhóls sem var útbúið eftir vinnu Regnbogateymisins var til sýnis á ráðstefnunni. **Sjá fylgiskjal**

Í nóvember sótti Ingveldur(Inga) Ævarsdóttir útinámskennari um Samfélagsstyrk Krónunnar fyrir Bambahúsi. Styrkumsóknin var samþykkt og í desember fékk leikskólinn Bambahús af stærstu gerð sem komið var fyrir í Árnaði. Forsvarsmaður Bambahúsana Jón Hafþór heimsótti leikskólann áður og kynnti húsið fyrir börnunum og var með þegar húsið var afhent. Vakti það mikla lukku hjá börnum og kennurum að fá húsið afhent og fljótlega var hafist handa við gróðursetningu lauka ásamt því að hver deild forsáði ýmist grænmetis og/eða blómafræjum innan deilda. Á vormánuðum var afrakstrinum komið fyrir í gróðurhúsinu. Síðan tók við vökvun hjá börnunum og önnur umhirða sem mikill áhugi er á og ekki síst að taka upp grænmeti og borða í matmálstímum. Til að efla starfið í tengslum við gróðurhúsið var ákveðið að sækja um A-styrk Menntastefnu núverandi tímabil til að fjármagna m.a. lagnir út í húsið og vökvunarkerfi. Skipað var í gróðurhúsateymi með einum kennara af hverri deild en Inga fer fyrir teyminu.



Við afhendingu Bambahússins



Uppskeran 😊

Hreyfi- og ævintýraferðateymi Rauðhóls skipulagði þrettándagleði í Björnslundi þar sem m.a. var dansað í kringum eld og sungið og tókst mjög vel til.





Unnið var að læsisáætlun Rauðhóls í samvinnu við MML í formi bæklinga og plakata og er áætlað að klára þá vinnu í haust.

Fjöltyngis- og læsisteymi hittist reglulega í vetur, einnig náði kubbateymi og regnbogateymi að funda.

Plakat um agastefnu Rauðhóls *Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar* er í vinnslu en það er hugsað sem styrking fyrir foreldra og þannig samræma uppeldisaðferðir leikskólans og heimilia.

Sigríður Sigurjónsdóttir leikskólakennari og verkefnastjóri

3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Innra mat

Stjórnun	Faglegt samstarf við Norðlingaskóla
Hvernig fór matið fram?	Fundur með skólastjórnendum Norðlingaskóla og teymisstjórum 1.bekkjar
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur og deildastjórar elstu deilda
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Smiðjur voru hjá elstu nemendum Rauðhóls og 1.bekk Norðlingaskóla í maí. Samstarf var um framkvæmdir í Björnslundi. Auka má samstarf enn frekar yfir árið milli skólanna. Elstu börnin hættu í leikskólanum þann 7.júní og byrjuðu í frístund í sumarstarfi þann 11.júní. Flutningar milli deilda og húsa hófust þann 12.júní í stað ágúst ár hvert en endurmati er ekki lokið á breytingunum.
Stjórnun	Leikskólaþróun og símenntun, þróunarverkefnið Stilla





Hvernig fór matið fram?	Rýnihópur, starfendarannsókn ásamt gagnasöfnun
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Rýnihópur og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þróunarverkefnið Stilla um hæglátt leikskólastarf styrkir ákveðna þætti í faglegu starfi. Það náðist að hluta til í fataherbergi á Litum, í hádegismat á litum og í hvíld á Ævintýrum. Verkefninu er ekki lokið og heldur áfram.
Stjórnun	<i>læsisáætlun</i>
Hvernig fór matið fram?	Hópavinna starfsfólks allra deilda á skipulagsdegi með ráðgjöfum Miðju máls og læsis
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Læsisteymi og deildastjórar tóku niðurstöður saman
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Læsisáætlun Rauðhóls er í yfirlestri hjá MML
Stjórnun	<i>endurskoðun skólanámskrár</i>
Hvernig fór matið fram?	Hópavinna stjórnenda og alls starfsfólks á skipulagsdögum og starfsmannafundum
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Allt starfsfólk Rauðhóls
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þessi vinna heldur áfram næsta vetur þar sem áhersla var lögð á læsisáætlunina og þróunarverkefni í vetur
Uppeldis-og menntastarf	<i>Skipulag náms og námsaðstæður</i>
Hvernig fór matið fram?	Endurnýjun á bókum sem sýna hinsegin fjölskyldur og bækur með fjölbreyttum persónum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Regnbogateymi Rauðhóls
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Fjölbreyttar bækur voru keyptar, t.d. Háttatími, Morgunverkin og Vertu þú.

Uppeldis-og menntastarf	<i>Leikur, nám, lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna</i>
Hvernig fór matið fram?	Verkefnastjóri fjöltyngis gerir áætlun um eflingu íslensku fyrir fjöltyngd börn og aðstoðar við að innleiða





	hæfniramma á deildum. Verkefnastjóri safnar gögnum úr matslistum.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Verkefnastjóri fjöltyngis og sérkennslustjórar.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Já markmið náðist. Einnig hefur markvisst verið unnið með að ná trausti foreldra og túlkþjónusta hefur mikið verið notuð. Stuðningur við deildir.
Mannauður	Hlutverk leikskólakennara/deildarstjóra
Hvernig fór matið fram?	Handleiðsla og námskeið fyrir deildarstjóra sem leið í að efla þá í að vera öruggari að veita faglega forystu.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Stjórnendanámskeið hjá Eypóri Eðvarðssyni fyrir alla stjórnendur. Nokkrir deildastjórar sóttu námskeið hjá HA. Handleiðsla var fyrir nýja deildarstjóra. Fjlgun var á sameiginlegum deildarstjórafundum og breyting var gerð á tímasetningu þeirra.
Leikskólabragur	Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun
Hvernig fór matið fram?	Samtal við foreldra, bæði í óformlegum samskiptum og í foreldraviðtölum sem stjórnendur og sérkennslustjórar bera ábyrgð á.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Starfsfólk og foreldrar
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Þróun agastefnunnar okkar sem byggð er á hugmyndafræði Uppeldi sem virkar, færni til framtíðar. Við viljum auka fræðslu og koma betur til móts við foreldra. Foreldrar eru margir að kljást við sömu vandamálin og við viljum gefa þeim vettvang til að ræða saman og fá ráðgjöf fagfólks. Í umbótaráætlun síðasta árs var markmið okkar að taka þátt í þróunarverkefninu Farsæld barna. Við drógum okkur hins vegar úr því verkefni eftir að uppsetning verkefnisins var ljós. Við sáum okkur ekki fært að sinna





verkefninu. Bæði krefst þátttakan mikils ofan á okkar vinnu og mikil skuldbinding. En við ætlum að fá að vera með á hliðarlínunni. Fylgjast með framgöngu verkefnisins og þeim skólum sem taka þátt.

Með aðstoð Lone Jensen uppeldisráðgjafa munum við halda reglulega foreldrafundi/fræðslu þar sem rætt verður um agastefnuna og leiðir sem foreldrar geta nýtt sér heima. Hugmyndin er að foreldrar fái allir agastefnuna okkar í hendurnar í við upphaf leikskólagöngu og komi svo í lok aðlögunar á fund þar sem sagt verður nánar frá agastefnunni og foreldrar geti spurt, spjallað og fengið ráð frá uppeldisráðgjafa, leikskólakennurum og sérkennslustjórum.

Ytra mat

3.1.1 Stofnun ársins 2023 - Vinnustaðir með 50 starfsmenn eða fleiri

Leikskólinn Rauðhóll 12.sæti, svarhlutfall 50-59%

		<i>Rauðhóll 2023</i>	<i>Rauðhóll 2022</i>	<i>Meðaltal allra stofnana</i>
Ímynd stofnunar:	1.sæti	4,64		3,92
Stjórnun:	3.sæti	4,57	4,54	4,20
Ánægja og stolt:	8.sæti	4,50		4,23
Jafnrétti:	8.sæti	4,50		4,36
Starfsandi:	10.sæti	4,45	4,51	4,27
Sjálfstæði í starfi:		4,17	4,27	4,15
Sveigjanleiki í vinnu		4,06	4,07	4,21





Vinnuskilyrði:		3,58	3,83	3,57
Launakjör:		2,46	2,63	3,00
Heildareinkunn		4,175	4,27	

Hámark er 5

Svarhlutfall í könnuninni um stofnun ársins hefði mátt vera hærra en ánægjulegt er að sjá að ímynd leikskólans og stjórnun skori hátt. Þættirnir ánægja og stolt, jafnrétti og starfsandi mættu skora örlítið hærra og vinna þarf að eflingu þeirra þátta enn frekar. Þeir þættir sem eru lægstir eins og sjálfstæði í starfi, sveigjanleiki og vinnuskilyrði þarf að skoða nánar en sjá má á lögsta þættinum sem er launakjör að almenn óánægja er með þau. Heildareinkunn er lægri frá fyrra ári og þarf að hækka þá tölu en meðaltal Rauðhóls er þó hærra í flestum þáttum miðað við aðrar stofnanir sem telst gott.





4 Umbótaáætlun leikskólans 2024-2025

Stjórnun	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Unnið er eftir <i>Verklagsreglum um móttöku nýrra starfsmanna.</i>
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Ákveða þarf verkaskiptingu á móttöku nýliða ásamt tímasetningu. Skilgreina betur hlutverk leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra, leiðsagnarkennara, deildarstjóra í ferlinu. Útbúa gátlista fyrir nýja deildastjóra um hagnýta þætti í leikskólastarfinu.
Ábyrgð	Stjórnendur
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024, lokið vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir og gátlisti
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hlutverkaskipting stjórnenda í móttöku nýliða er skýr á þar til gerðum gátlista og farið er eftir honum. Gátlisti fyrir nýja deildastjóra tilbúinn.





Uppeldis-og menntastarf	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Námssvið leikskólans.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Unnið er reglulega með frásagnir, sögur, ljóð og ævintýri ásamt að sungið er reglulega.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Passað er upp á að ofangreindir þættir verði teknir fyrir í reglulegum samverustundum. Útbúa efni í möppur fyrir samverustundir.
Ábyrgð	Stjórnendur og starfsfólk.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024, lokið vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir, könnun
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samverustundir eru á hverjum degi á öllum deildum með fjölbreyttu innihaldi. Möppur með fjölbreyttu efni fyrir samverustundir eru tilbúnar.





Mannauður-	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Hlutverk leikskólakennara.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Leiðbeinendur á deildum fá reglulega endurgjöf og leiðsögn (s.s. í daglegu starfi og í leiðbeiningarsamtölum).
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Útbúa efni sem nýtist í samtali í daglegu starfi, einstaklings viðtölum og á deildarfundum.
Ábyrgð	Deildastjórar.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024, lokið vor 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fundir, gátlisti.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Efni um leikskólastarfið sem nýtist í leiðbeiningarsamtöl er tilbúið og notað reglulega.

Leikskólabragur	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Velferð og líðan barna.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Milli barnanna ríkir virðing og samkennd.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Hafa markvissa vinnu um virðingu og samkenndi á deildum, Börnin læra hugökkin virðing og samkennd, vera með verkefni um kurteisi í tvær vikur.
Ábyrgð	Allt starfsfólk Rauðhóls





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024, vinnu lýkur ekki heldur er viðvarandi.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Könnun, fundir, viðtal við börn.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Samræmd viðbrögð eru til staðar við neikvæðum samskiptum. Börnin þekkja hugtökin virðing, samkenndi og kurteisi.

5 Innra mat deilda 2023-2024

UMBÓTAPÁTTU R/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Markmið náðist
Leikskólabragur								
Viðmót og menning	Jákvæður andi og gleði ríki á vinnustað um og starfsfólk nái að fara reglulega í flæði í vinnu með börnunum (það þarf að ná því upp eftir erfiðan síðasta vetur og Covid!)	Gleðin verður rauður þráður í vinnu deilda í vetur. Fyrirlestur um hómor og gleði í samskiptum frá Eddu Björgvinsd. í janúar'24.	Allt starfs- fólk Rauð- hóls	Ágúst '23	Júní '24	Rætt er um líðan og hlutverk kennara í flæði á deilda fundum, Starfsmanna fundum og skipulags- dögum. Matslisti	Gleði er höfð að leiðarljósi í starfsháttu m leikskólans og starfsfólk kemst reglulega í flæði	Já samkvæmt niðurstöðum matslista sem var lagður fyrir starfsfólk

Í maí 2024 var lagður matslisti fyrir starfsfólk út frá umbótaáætlun starfsáætlunar 2023-2024.

Spurningarnar voru eftirfarandi:





1. Hvernig líður þér almennt í vinnunni?
2. Upplifir þú gleði í vinnunni og/eða í starfsmannahópnum?
3. Ég veit hvað flæði felur í sér: JÁ___ NEI___
4. Nærð þú að fara í flæði í vinnu þinni með börnunum? Ef nei, hvers vegna?
5. Annað sem þú vilt koma á framfæri?

Yngri deildir:

Samantekt gulu deildar

Starfsfólki gulu deildar líður almennt vel í vinnunni og upplifir mikla gleði eða að mestu leyti í vinnunni. Allt starfsfólk fyrir utan einn veit hvað flæði felur í sér en sá starfsmaður er nýr og átti eftir að fá nýliðafræðslu um stefnu leikskólans. Starfsfólkið nær að fara í flæði eða stundum ef tími gefst. Einn starfsmaður talaði um að bæta mætti umgengni á vinnustaðnum.

Samantekt bláu deildar

Starfsfólki bláu deildar líður almennt vel í vinnunni, er sátt, upplifir öryggi í starfi og vinnur í sterkum starfsmannahópi. Starfsfólkið upplifir einnig gleði í vinnunni og í starfsmannahópnum. Einn kennari finnur mikinn mun eftir Covid, annar talar um að mikið sé gert til að halda í starfsmannagleðina. Einnig að starfið sé ótrúlega gefandi og gaman í vinnunni. Allt starfsfólk bláu deildar veit hvað flæði felur í sér og nær að fara í flæði með börnunum. T.d. á kubbasvæði, í dúkkudótinu og í útiveru. Einnig skemmtilegt hvað börnin fá að ráða miklu sjálf.

Samantekt grænu deildar

Starfsfólki grænu deildar líður almennt vel fyrir utan einn starfsmann. Starfsfólk upplifir ýmist gleði eða streitu. Starfsfólk veit hvað flæði er og kemst stundum í flæði, síður ef það vantar starfsfólk. Einn starfsmaður kom með hugmynd um að fá börn úr hverri deild sem hafa sömu áhugamál að leika sér saman. Getur skapað meira ímyndunarafl og flæði.

Samantekt rauðu deildar

Starfsfólki rauðu deildar líður almennt vel og upplifir gleði í vinnunni og í starfsmannahópnum. Einn starfsmaður talaði um að virknin og frumkvæði mætti vera meiri hjá starfsfólki. Starfsfólkið veit hvað flæði er og flestir hafa náð að fara í flæði með börnunum.





Eldri deildir:

Samantekt Ævintýrahóls

Starfsfólk Ævintýrahóls líður almennt vel en hluti starfsfólks upplifir erfiða daga inn á milli. Starfsfólk upplifir gleði í vinnunni og starfsmannahópnum. Allt starfsfólk veit hvað flæði felur í sér en það ná ekki allir að komast í flæði með börnunum. Helst næst það þegar hópnum er skipt upp ásamt því að vera úti í náttúrunni.

Samantekt Ævintýralundar

Starfsfólki Ævintýralundar líður almennt vel og upplifir gleði í vinnunni. Starfsfólkið veit hvað flæði felur í sér og kemst í flæði þótt það megi vera oft. Það kom fram stolt af starfseminni og að starfshópurinn einkennist af metnaði, fagmennsku og gleði.

Samantekt Ævintýradals

Starfsfólki Ævintýradals líður almennt mjög vel og upplifir gleði í vinnunni og starfsmannahópnum. Það fer þó aðeins eftir mönnun. Starfsfólk deildarinnar heldur í gleðina og húmorinn með því að tala saman og hittast utan vinnustaðar. Starfsfólk Ævintýradals veit hvað flæði felur í sér og nær flest að komast í flæði en það gengur ver ef það er álag á deildinni.

Samantekt Ævintýralands

Starfsfólki Ævintýralands líður almennt vel í vinnunni og upplifir gleði í vinnunni og starfsmannahópnum. Starfsfólkið veit hvað flæði felur í sér og nær flest að fara í flæði með börnunum en mætti vera oft.

Samantekt Ævintýraeyju

Starfsfólki Ævintýraeyju líður almennt vel og upplifir gleði á vinnustaðnum. Einn starfsmaður finnst mega veira meira samstarf milli Ævintýra og Lita. Starfsfólk veit hvað flæði er og nær oft að fara í flæði í vinnunni en stundum önnur verkefni sem kalla.

Utandeilda

Hvernig líður þér almennt í vinnunni? Vel, finnst alltaf gaman að koma í vinnunna. Ég upplifi yfirleitt gleði í vinnunni og/eða í starfsmannahópnum. Ég veit hvað flæði felur í sér og næ að fara í flæði t.d. í gróðurhúsavinnu, gönguferðum, leikjum. Við mættum vera dugleg við að gera





verkefni með börnunum útfrá áhugasviði þeirra, það smitast yfir til þeirra. Hvetja hvort annað áfram í því. Þá verður meira gaman.

Styrkleikar

Meirihluti starfsfólks líður vel í vinnunni og upplifir gleði í vinnunni og í starfsmannahópnum. Einnig veit nær allt starfsfólk hvað flæði er og nær að komast í flæði í vinnunni með börnunum. Ef það ástand viðhelt er starfsfólkinu allir vegir færir í að halda uppi metnaðarfullu og faglegu skólastarfi.

Tækifæri

Hvetja þarf starfsfólk að tala um líðan sína ef því líður illa og hvað er hægt að gera til þess að bæta úr henni. Einnig ef starfsfólk nær sjaldan að komast í flæði þarf að greina það frekar og finna leiðir til úrbóta. Til þess að halda í starfsmannagleðina er mikilvægt að vera áfram með hópefli og reglulegar uppákomur sem stuðla að gleði og samveru starfsfólks.

Umbótaáætlun deilda fyrir veturinn 2024-2025 er ekki tilbúin þar sem flutningar milli deilda og húsa áttu sér stað 10.-14.júní síðastliðinn. Nær allir deildarstjórar fluttu á aðrar deildir og tveir nýjir deildarstjórar tóku til starfa 1.september 2024.

6 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2023-2024

Skipulagning sérkennslu Hvernig var sérkennslan skipulögð; Var gerð einstaklingsnámskrá fyrir öll börn sem þess þurftu með? Var lögð áhersla á að barn sem nýtur stuðnings sé virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og að stuðningur fari fram innan barnahópsins eins mikið og frekast er kostur? Gætti allt starfsfólk leikskólans að því að stuðla að fullgildi barna þannig að þau taki virkan þátt og öðlist gleði í leik og öðru námi og starfi? Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Sérkennslan í Rauðhól er alltaf einstaklingsmiðuð. Stuðningsþörfin er endurmetin reglulega og séð hvort draga eða auka þurfi í stuðning barns. Einstaklingsnámskrá var gerð fyrir öll þau börn sem höfðu þörf fyrir það. Þær námskrár voru unnar af sérkennslustjórum og stuðningsfulltrúum. Námskráin er ávallt borin undir foreldra/forráðamenn barns. Í flestum tilvikum er félagslegi þátturinn aðalmarkmiðið í námskrá flestra barna. Því þar vinnum við með að auka sjálfstraust og efla barnið almennt. Til þess þarf barnið að vera virkur þátttakandi í leikskólastarfinu og hluti af barnahópnum. Þjálfun og stuðningur fer að mestu leiti fram í aðstæðum sem skapast náttúrulega hjá barninu með jafnöldrum og teljum við það skila góðum árangri.
--	--





	<p>Það er alltaf markmiðið hjá okkur að starfsfólk gæti að því að öll börn leikskólans taki virkan þátt og sé hluti af hópnum. Þess vegna höfum við lagt mikla áherslu á að sérkennslubörn eyði sem mestum tíma með sínum jafnöldrum og sé í samskiptum við allt starfsfólk deildarinnar, ekki bara sinn stuðningsaðila. Allt starfsfólk er meðvitað um þarfir stuðningsbarna á sinni deild og geta tekið þátt í stuðningi við barnið.</p> <p>Skráning hjá okkur er enn og aftur miðuð eftir þörfum einstaklingsins. Við erum ekki með skipulagt hópastarf og einstaklingskennsla er í rauninni unnin út frá einstaklingsnámskrá barnsins. Kennslan/þjálfunin fer fram á þeim tímum sem henta barninu, hún fer algjörlega eftir dagsforminu þeirra og hvort þau una sér í leik eða hvaða námstækifæri eru aðstæðurnar að bjóða upp á hverju sinni. Viðbót við sérkennsluna í vetur er að komið var á fót lausnarleitafundum með sérkennslustjórum og deildarstjórum. Á þeim fundum er farið yfir barnahópin með reglulegu millibili. Notast er við stöðluð lausnarteymis eyðublöð (tengt farsældarlögum BOFS). Tilgangurinn með þeim fundum er að halda þjónustunni á fyrsta stiginu (grunnþjónustunni) og leysa úr vandamálum innanhúss. Fækka þannig tilvísunum og aðkomu annars stigs þjónustu (þjónustumiðstöðva). Nýta þekkinguna og reynsluna sem við eigum í fagfólkinu okkar.</p>
<p>Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS,HLJÓM-2 og fl.</p>	<p>TRAS er fyllt út hjá hverju barni alla leikskólagönguna. HLJÓM-2 og EFI-2 er nýtt fyrir þann aldur sem þeir listar meta og Hæfniramma nýtum við með fjöltyngdum börnum. Fyrir sérkennslu notum við AEPS og atferlisþjálfunarlista frá RGR þegar við á.</p>
<p>Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?</p>	<p>Sérkennslan fer að mestu leyti fram í gegnum leik og þjálfun í raunverulegum aðstæðum. Þá er bara sá efniviður nýttur sem barnið sóttist í sjálft. Málörvun er einnig þjálfuð í gegnum náttúrulega kennslu, t.d. afstæðuhugtök æfð í íþróttasalnum. Annars er alltaf tiltækt efni sem hægt er að grípa í (málörvunarkassi) með skemmtilegum verkefnum sem hvetur börn til</p>





	<p>tjáningar. PECS möppur og sjónrænar leiðbeiningar voru mikið nýttar. Ásamt því að sjónrænt dagskipulag er á öllum deildum. Félagsfærni er þjálfuð í aðstæðum sem skapast í samskiptum barns við jafnaldra.</p> <p>Það námsefni sem var keypt þetta árið voru nýjar PECS möppur og aukahlutir tengdir þeirri þjálfun. Við keyptum aðgang að ABLL-S færnimatslista. Við einblíndum mikið á skaðaminnkandi aðgerðir og keyptum inn föt sem leikskólinn getur nýtt þegar börn koma ítrekað ekki með viðeigandi klæðnað. Ef foreldrar gleyma eða eiga ekki efni á öskudagsbúning osfrv.</p> <p>Við keyptum inn og bættum aðbúnað í sérkennsluherberginu. Við aðlöguðum það að þörfum tveggja sérkennslubarna sem þurfa mikla hvíld frá leikskólaáreitinu. Dempuð lýsing, betri hljóðvist og húsgögn sem henta.</p>
--	--

Umbótaáætlun sérkennslu 2024-2025

Deild/aldur barna	
Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Eiga reglulega lausnarleitafundi við alla deildarstjóra. Svo tilvísunum til þjónustumiðstöðva fækki og hægt sé að halda þjónustunni á fyrsta stigi. Greiða úr þeim vandamálum sem koma upp jafnt og þétt.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda fundina á 8 vikna fresti eða amk. 5 sinnum yfir skólaárið og fylgja málunum þannig betur eftir og endurmeta markmiðin. Fylla út svokölluð lausnar-teymis-eyðublöð sem halda utan um markmið og leiðir til árangurs.
Ábyrgð	Sérkennslustjórar.





Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2024 – júní 2025.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Fylgst með hvort fundir séu haldnir reglulega. Markmið endurskoðuð á hverjum fundi og staða barns metin. Munum einnig taka stöðuna á deildarstjórum og sjá hvernig þeim líkar þetta fyrirkomulag.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Færri tilvísanir til þjónustumiðstöðvar. Færri óformlegir fundir deildastjóra og beiðnir um ráðgjöf. Með þessu vonumst við til þess að börn „gleymist“ síður og snemmtæk íhlutun verði markvissari. Einnig sjáum við þetta líka sem leið til betri og faglegri vinnubragða.





5 Innra mat – börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

Mat á málörvun og virkri þátttöku barna með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn

2023-2024

<p>Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?</p>	<p>Fjármagni var varið í stöðu verkefnastjóra fjölmennningar. Það er í fyrsta skiptið sem sú staða er við leikskólann. Verkefnastjóri hefur unnið með fjöltyngd börn í minni hópum og inni á deildum, í matsal, fataklefa, í gegnum leik og öll almenn samskipti við barnið yfir leikskóladaginn. Fjármagni hefur verið varið í kennsluefni fyrir fjöltyngd börn sem dæmi í spil og bækur.</p>
<p>Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?</p>	<p>Í vetur hefur áherslan verið á það að hafa færri börn saman í samverustundum og málörvunarstundum. Í Rauðhól leggjum við áherslu á að efla og styrkja hvern einstakling og hefur verið markmið að styrkja sérstaklega vel við sjálfsmynd fjöltyngdra barna. Efla hjá þeim orðaforða, tjáningu og gefa þeim tækifæri til þess að æfa frásagnarfærni í smærri hópum. Verkefnastjóri hefur verið með samverustundir þar sem færri börn hafa verið í hóp og unnið með viðfangsefni sem höfðar til áhugasviðs barnanna. Sem dæmi hafa börnin sjálf valið sögubækur og spil þar sem notast er við sjónrænt og áþreifanlegt efni til þess að dýpka skilning og efla áhuga þeirra. Unnið var með tilfinningar í gegnum samræður og frásagnir barnanna. Í þessum samverustundum var unnið með flesta þætti sem viðkemur daglegu lífi hjá barninu ásamt því að nýtt voru spil, leikir og öpp sem fela meðal annars í sér hugtök, tíðir, eintölu, fleirtölu, liti og form. Unnið var með verkefnið gefðu 10 á öllum deildum leikskólans.</p>
<p>Er lögð áhersla á að leggja inn ríkulegan orðaforða/dýpka orðaforða (í öllum aðstæðum, bæði skipulögðum og óskipulögðum)?</p>	<p>Lögð var áhersla á að dýpka orðaforða í öllu starfi leikskólans. Í gegnum leik, vettvangsferðir, ræktun í gróðurhúsi, ýmsum uppbrotsdögum eins og barnamennningarhátíð og Regnbogahátíð. Í samverustundum, fataklefa, við matarborðið og í gegnum verkefnið bókaormurinn. Talsmenn fjölmennningar voru einn fyrir hverja deild skólans í vetur. Þeir unnu markvisst átak í vetur með það að hafa myndrænt dagsskipulag ýtarlegra en áður hefur verið á Rauðhól fyrir fjöltyngdu börnin. Kennarar lögðu áherslu á að fylgja börnum með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn í gegnum myndræna</p>





	<p>dagsskipulagið. Markmiðið með sýnileikanum var að börnunum liði vel og fyndu fyrir öryggi í skólanum. Myndræna skipulagið skilaði góðum árangri hjá okkur.</p> <p>Á yngri deildum var unnið með það að hægja á ferlinu í fataklefa. Það var gert með því að hafa færri börn í einu í fataklefa fyrir og eftir útiveru. Þannig gafst betra svigrúm til þess að mæta þörfum barnsins og sköpuðust fleiri tækifæri en áður fyrir innihalds ríkara samtal milli kennara og barns og fyrir börnin að eiga samtal sín á milli í fataklefanum.</p>
<p>Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Eru t.d. notuð matstæki, <i>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla</i>, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?</p>	<p>Hæfniramar í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla hafa verið fylltir út á öllum deildum skólans. EFI-2 Málþroskaskimun fyrir börn á fjórða ári er gerð í Rauðhól. Fjöltyngdu börnin sem hafa tileinkað sér skilning til þess að svara EFI-2 skimunninni fara í skimunina. TRAS er skráning á málþroska ungra barna sem er gert fyrir öll börn á Rauðhól. Hljóm 2 er fyrir elstu börn í leikskólanum og metið hverju sinni af sérkennslustjóra hvort fjöltyngda barnið fari í prófið eftir því hvar það er statt í íslensku.</p>
<p>Er hugað að öllum þáttum í læsisstefnu leikskóla, <i>Lesið í leik</i>, varðandi málþroska og virka þátttöku barna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.</p>	<p>Virk þátttaka barna og leikurinn er rauður þráður í gegnum allt starfið hjá okkur á Rauðhól og er öllum þáttum læsisstefnu fylgt eftir. Læsisstefna Rauðhóls er í vinnslu. Í gegnum áhugasvið og styrkleika barnanna náum við að vinna með tjáningu, orðaforða og málskilning. Leikurinn gefur börnum rými til þess að vinna með félagslegt tungumál, tilfinningalæsi og félagsfærni. Í samverustundum er unnið er með söng, rím og að telja atkvæði í orðum til þess að vinna með hljóðkerfisvitund. Frásögn og hlustun barna er mikilvægur þáttur í félagslegum samskiptum hjá okkur á Rauðhól.</p>

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2024-2025

Deild/aldur barna	
<p>Umbótaþáttur/matsþáttur(t.s. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)</p>	
<p>Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?</p>	<p>Efla málörvunarstundir fyrir fjöltyngd börn þar sem styrkleikar barna og gleði er haft að leiðarljósi til þess að styrkja sjálfsmýnd barnsins. Samverustundir sem henta starfinu á deildum. Samvera með fjöltyngdum börnum inni</p>





	á deildum þeirra og nánari samvinna með foreldrum barna sem eru fjöltyngd . Virkja starfsfólk sem er í fjölmennningar teyminu til þess að fá allt starfsfólk á deildum til þess að verða sterkari málssvari barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Miðla efni sem hefur reynst vel fyrir fjöltyngd börn til allra starfsmanna á Rauðhól.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Þegar annað ár verkefnastjóra í fjölmenningu er að byrja gefst tækifæri til þess að dýpka og bæta við starfið. Sinna betur aðlögun nýrra barna með fjölbreyttan tungumála og menningarbakgrunn. Styrkja enn frekar starfið hjá okkur við börn og fjölskyldur þeirra sem eru fjöltyngd og með fjölbreyttan menningarbakgrun. Efla fjölmenningarteymið og allt starfsfólk á Rauðhól í vinnu með fjöltyngd börn.
Ábyrgð	Verkefnastjóri Fjölmenningar. Ingibjörg Jónasdóttir.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haust 2024, lokið vor 2025
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Matslistar og reglulegir fundir.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Efla fjölmenningarteymi og allt starfsfólk í þekkingu og þátttöku á málefnum fjöltyngdra barna og fjölskyldna þeirra.





6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

Starfsþróunarsamtöl:

Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri tóku starfsþróunarsamtöl á vormánuðum þar sem áherslan var lögð á að ræða m.a. líðan, samvinnu við samstarfsfólk og hvað mætti gera betur í leikskólanum.

Fræðsla:

Á skipulagsdegi í ágúst komu Berglind Gunnarsdóttir, Rúna Ágústsdóttir og Birna Matthíasdóttir frá Foreldrahúsi með fræðslu um fíknivanda, áföll, forvarnir og viðhorf. Einnig hélt Lone Jensen erindi um Uppeldi sem virkar- færni til framtíðar.

Í lok september hélt starfsfólk Rauðhóls glæsilega einingakubbaráðstefnu í Gamla bíói þar sem yfirskriftin var „Einingakubbar í flæði“ Leikur að læsi í Rauðhól. [Sjá dagskrá í fylgiskjali](#). Samkvæmt mati sem gert var eftir ráðstefnuna af starfsfólki Rauðhóls þá fannst öllum ráðstefnan gagnleg. Það kom m.a. fram að ráðstefnan sýndi vel hversu fjölbreytt og skemmtileg kennsla getur farið fram í gegnum einingakubba.

Á skipulagsdegi í nóvember var stöðvagleði í Björnslundi en hægt var að velja um: Útiöldun og uppkveikju í umsjón Eddu Lydiu Þorsteinsdóttur deildarstjóra í Björnslundi, ratleikjagerð og skapandi verkefni í umsjón Ingveldar Ævarsdóttur ævintýraferðakennara, og núvitund, jógastöður, vettvangsferðir og umhverfismennt í umsjá Sigurbjörgu Eydísi leikskólakennara og jógaleiðbeinanda frá leikskólanum Gimli.

Á starfsmannafundi í janúar kom Edda Björgvinsdóttir og var með fyrirlestur sem nefndist „Húmor og gleði í leik og starfi - dauðans alvara“ sem er þáttur í að bæta gleðina á vinnustaðnum.

Á skipulagsdegi þann 6.febrúar á degi leikskólans héldu þrír kennarar Rauðhóls erindi. Birta Ethel Guðbjartsdóttir kynnti B.ED verkefnið sitt um Viðbrögð við ofbeldi og vanrækslu innan leikskóla. Sandra Valsdóttir meistaranemi kynnti verkefnið sitt um málörvun fyrir fjöltýngd börn og Lena Ýr Sveinbjörnsdóttir meistaranemi kynnti starfendarannsókn sína um hæglátt





leikskólastarf í fataherbergi.

Að auki var Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir með erindi frá Tveimur heimilum sem er ráðgjöf og sáttamiðlun fyrir fjölskyldur á tveimur heimilum

Í apríl var farið í skemmtilega námsferð í Reykholt í Borgarfirði þar sem starfsfólk fékk fræðslu á vegum Litlu menntabúðarinnar. Fyrri erindið bar heitið Leiðtoginn í ljósi jákvæðrar sálfræði með Ingibjörgu Ingu Guðmundsdóttir en seinna innleggið var um útinám með Ásu Erlingsdóttur. Fræðslan hjá Ásu var um náttúrunám, læsi, stærðfræði og samvinnu og fór fram inni og úti. Einnig heimsótti starfsfólkið leikskólana Akrasel, Garðasel og Teigasel á Akranesi og fékk mjög góðar móttökur. Það var virkilega áhugavert að sjá ólíkar byggingar og áherslur leikskólanna.

Á skipulagsdegi í maí tók starfsfólk Rauðhóls þátt í Menntastefnumóti Reykjavíkurborgar. Þrír meistaranemar frá Rauðhóli héldu erindi um lokaverkefni sín. Lena Ýr Sveinbjörnsdóttir hélt erindi um hæglæti í fataherbergi leikskólans, Sandra Valsdóttir hélt erindi um skilvirkari málörvun í leikskólastarfi og Aldís Óskarsdóttir hélt erindi um skapandi starf í einingakubbum.

Forystusýn

Unnið var að eflingu forystusýnar stjórnendateymis með því að fá Eypór Eðvarðsson sálfræðing frá Þekkingarmiðlun með námskeið fyrir teymið, annars vegar um stjórnun jafningja og hins vegar um hvernig takast eigi við krefjandi starfsmannamál.

Á einum fundi stjórnendateymisins var hópnum skipt upp þar sem farið var í einstaklings endurgjöf með því að velja styrkleikakort/spil fyrir meðlimi hópsins og útskýra valið. Einnig var bókin Hugrekki eftir Höllu Tómasdóttur tekin fyrir og rætt um nokkra kafla.

Nokkrir deildarstjórar fóru á námskeið fyrir deildarstjóra í fjarfyrirlestrum frá Háskóla Akureyrar. Nýir deildarstjórar fengu reglulega handleiðslu innan leikskólans. Einnig fjölgaði sameiginlegum deildarstjórafundum þar sem deildarstjórar frá Litum, Ævintýrum og Björnslandi voru saman.





Starfsfólk í námi skólaárið 2023-2024:

Þrjú starfsmenn eru í grunnnámi í leikskólakennarafræði.

Þrjú starfsmenn luku mastersnámi í leikskólafræðum.

Tveir starfsmenn eru í grunnnámi í grunnskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er í sálfræðinámi.

Einn starfsmaður er í Leikskólaliðanámi.

Einn starfsmaður lauk námi í Garðyrkjuskólanum.

Einn starfsmaður lauk diplómanámi í markþjálfun frá Evolvía.

Einn starfamaður lauk jógakennaranámi.

Námskeið:

47 starfsmenn luku rafrænu námskeiði um kynferðisofbeldi og kynferðislega hegðun barna og unglunga. Fyrir þau sem starfa með 2-6 ára börnum á vegum Barna og fjölskyldustofu.

Einn starfsmaður fór á Sögupokanámskeið í Endurmenntun HÍ.

Tveir starfsmenn fóru á ráðstefnu á vegum Reykjavíkurborgar fyrir öryggistrúnaðarverði og öryggistrúnaðarmenn.

Einn starfsmaður lauk Lífðu í sátt- ACT námskeiði hjá Endurmenntun.

Tveir starfsmenn fóru á ABLLS-R námskeið hjá Austurmiðstöð.

Einn starfsmaður fór á TRAS námskeið hjá Endurmenntun HÍ.

Einn starfsmaður fór á WIDGED námskeið hjá SFS.

Einn starfsmaður fór á grunnnámskeið um einhverfurófið í Ráðgjafar- og greiningarstöð.





Tveir starfsmenn fóru á Cricut námskeið hjá Mixtúru.

Fjórir stjórnendur fóru til Króatíu á ESHA ráðstefnu – School Leaders Making A Difference.

Einn starfsmaður lauk námskeiðinu *Íslenskuþorp um allt land* í Menntafléttunni.

Stjórnendur ásamt teyminu í Stillu, þróunarverkefninu um hæglæti, fóru á vinnustofur um efnið.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur að því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum tókum við fyrir ákveðin verkefni eða þemu, t.d. um húsdýrin, og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hópa og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einnig einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jólunum eins og t.d. að spila, föndra og fara í gönguferðir

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópin. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Samstarf milli Rauðhóls og Norðlingaskóla er að ná sér á strik eftir Covid. Fundað var um úrbætur á útisvæðinu í Björnslundi og eru þær hafnar í samvinnu við MÚÚ og Reykjavíkurborg. M.a. er verið að lagfæra göngustíga og skipt var um undirlag á stærra eldstæði. Smiðjur hjá





elstu nemendum Rauðhóls með fyrsta bekk voru í maí, einu sinni í viku á miðvikudögum, í fjögur skipti. Smiðjurnar báru heitið *Vorið vaknar* og gekk samstarfið vel. Ein smiðja var í gróðurhúsinu/leikskólalóðinni, önnur í einingakubbum, holukubbum og sköpun, þriðja í íþróttum/listum í Lundi og fjórða í frístundaheimilinu Klapparholti/skólalóð. Elstu börnin fóru einnig í vorskólann í Norðlingaskóla. Börnin á Ævintýrum nýttu sér íþróttasal Norðlingaskóla þegar kostur var á í vetur. Einnig fóru börnin í heimsókn í bókasafn Norðlingaskóla. Skilafundir voru á vormánuðum. Fullur vilji er að halda samstarfinu áfram og er í skoðun að hefja samstarfið á haustönn með nemendurna. Elstu börnin sem luku sinni leikskólagöngu í vor tóku þátt í tilraunaverkefninu *Fyrr í frístundarheimili*, en það er tilraunaverkefni á vegum Reykjavíkurborgar. Þau hættu í byrjun júní og fóru í Klapparholt í Norðlingaskóla.

„Það er gott að vera á Rauðhól af því að maður fönðrar og litar en það má ekki gera allt sem maður vill, það má ekki segja F-orðið og ekki gera lúser puttann“

„Í leikskólanum finnst mér gaman að fönðra og borða út af maturinn er svo góður í leikskólanum. Uppáhaldsmaturinn minn er súpa, tómatsúpa“

„Mér finnst skemmtilegast að lita og plúskubba og ég er svo spennt að fara útskrifast á morgun í leikskólanum og það er allt. Það er leiðinlegt í hvíld og leiðinlegt úti og leiðinlegt að ganga frá og síðan er ég búin að segja allt“

8 Foreldrasamvinna

8.1 Foreldrafélag skólaárið 2023 – 2024

Starfsemi foreldrafélagsins lá niðri í Covid faraldrinum og greiddu foreldrar ekki í sjóð félagsins og því lítið aflögu fyrir viðburði. Foreldrafélagið hélt aðalfund í nóvember þar sem var kjörinn nýr formaður ásamt gjaldkera. Félagið stóð fyrir jólatrésleit í Björnslundi fyrir jólin ásamt heimsókn jólasveins fyrir jólaball barnanna. Aðrir viðburðir á vegum félagsins voru ekki á skólaárinu.

8.2 Foreldraráð skólaárið 2023-2024

Bergþóra Gná H. Gordon

Helgi Már Hrafnkelsson

Axel Kári Ívarsson

Pála Margrét Gunnarsdóttir





Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að mynda fyrstu tengsl við fjölskylduna á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla, ásamt skólanámskrá Rauðhóls og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oft en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Á aðlögunartímabilinu bjóða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar uppá nokkra fámenna fundi með foreldrum þar sem fram fer létt spjall um leikskólastarfið. Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtali þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.





9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar og starfsmannafundir 2024-2025

Skipulagsdagar:

Föstudagur 27.september

Föstudagur 22.nóvember

Mánudagur 13.janúar

Fimmtudagur 6. Febrúar – Dagur leikskólans

Föstudagur 7.mars

Föstudagur 9.maí

Starfsmannafundir:

Mánudagur 9.september - nýliðafundur

Miðvikudagur 30.október

Fimmtudagur 3.apríl

Miðvikudagur 11.júní





Sumarlokun 2025 verður 7 júlí – 5 ágúst 2025

10 Fylgiskjöl

Fagskrifstofa leikskólamála

Dagsetning:

10.2 Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?





Fulltrúar í foreldraráði:

Undirskrift fulltrúa í foreldraráði

F. h. leikskólans

Leikskólastjóri

Dagsetning



